

REGLUGERÐ

98

um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

12. okt.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad) til fiskveiða í landhelgi innan línu frá Brik vestan Ólafsfjarðar í Múlatöng austan við fjörðinn á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember ár hvert. Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal eigendum og nothöfum jarða þeirra, er að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að nota ádráttarnætur og draga þær á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. nóvember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

99

um einkasíma í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

12. okt.

1. gr.

Símar þeir, sem samþykkt þessi nær til, eru:

- a. Lína frá stauraröð landssímans við Vesturósbrú Héraðsvatna, fram Hegranesið að vestan, er nái til eftirtaldra sex bæja: Helluland, Kárastaðir, Hróarsdalur, Keldudalur, Egg og Eyhildarholt með álmum frá stauraröðinni heim á bæina, ef þörf krefur.
- b. Lína frá Vesturósbrú Héraðsvatna á stauraröð landssímans til Sauðárkróks.

99

12. okt.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símans skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

2. gr.

Afgreiðslur á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir, annast hver búandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir á álmu þeirri, er liggur heim til hans, en félagið á aðallínunni.

3. gr.

Búendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í símafélag er nefnist „Einkasímafélag Rípurhrepps“, og greiðir það kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim $\frac{3}{5}$ hlutum stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir, og því daglega viðhaldi, er um getur í 3. gr. — Kostnaði þessum skal jafnað niður sem hér segir:

4. gr.

A. Kostnaðurinn við lagningu aðallínunnar skal lagður á ábúðarjarðir félagsmanna eftir fasteignamati.

B. Með gjaldi af símötolum á línunni, sem ákveðin kunna að verða, enda séu þau ákveðin í samráði við landssímastjóra.

Kostnað við lagningu álmu frá aðallínu á hvern bæ kostar hver aðili.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega, síðla vetrar. Á fundi er gengið verður frá samþykkt þessari skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin skal kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári fyrstu tvö árin, eftir hlutkesti, og kys aðalfundur mann í stað þess, sem úr gengur. Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi og úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv. Afrit af ársreikningum skal sent landssímastjóra. Félagið heldur gerðabók.

6. gr.

Sveitarstjórn Rípurhrepps og sýslustjórn Skagafjarðarsýslu ábyrgjast starfrækslu einkasíma, eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 300,00, sem renna í sveitarsjóð Rípurhrepps.

Gjöldum til símans fylgir lögtaksréttur.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.